



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Ákvörðun nr. 34/2011 varðandi kostnaðargreiningu
Mílu ehf. á gjaldskrá fyrir lúkningarluta leigulína
(markaður 13, nú markaður 6)**

Desember 2011

**EFNISYFIRLIT**

	Bls.
1 Málsatvik.....	3
1.1 Inngangur.....	3
1.2 Ákvörðun PFS nr. 20/2007.....	3
1.2.1 Markaður 13: Heildsala lúkningarhluta leigulína.....	3
1.2.2 Álagðar kvaðir á Mílu á heildsölumörkuðum leigulína.....	3
1.3 Ákvörðun nr. 14/2011	4
2 Kostnaðargreining Mílu.....	5
2.1 Endurskoðuð kostnaðargreining.....	5
2.1.1 Forsendur.....	5
2.1.2 Línufjöldi og línuígildi	6
2.1.3 Rekstrarkostnaður.....	6
2.1.4 Verðútreikningar.....	6
2.1.5 Niðurstaða Mílu um nýja verðskrá.....	7
3 Niðurstaða PFS.....	8
3.1 Inngangur.....	8
3.2 Niðurstaða	9
3.2.1 Almenn.....	9
3.2.2 Línufjöldi og línuígildi	9
3.2.3 Rekstrarkostnaður.....	9
3.2.4 Ávöxtunarkarfa fjármagns (WACC).....	10
3.2.5 Verðútreikningar.....	10
3.2.6 Verð Mílu fyrir lúkningarhluta leigulína.....	12



1 Málsvatik

1.1 Inngangur

Kostnaðargreining Mílu ehf. (Mílu) á leigulínum sem hér er til umfjöllunar byggir á þeim kvöðum sem lagðar voru á fyrirtækið með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS), nr. 20/2007, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða m.a. á heildsölumarkaði fyrir lúkningarhluta leigulína (markaður 13)¹ og stofnlínuhluta (*trunk*) leigulína (markaður 14)² og ákvörðun stofnunarinnar, nr. 14/2011, varðandi kostnaðargreiningu Mílu á gjaldskrá fyrir leigulínur (markaðir 13 og 14).

1.2 Ákvörðun PFS nr. 20/2007

Í ákvörðun sinni, dags. 14. september 2007, nr. 20/2007, komst PFS að þeirri niðurstöðu að skilgreiningar á mörkuðum 13-14 sem fram koma í tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)³ ættu við á hér á landi.

PFS ákvað að útnefna Mílu með umtalsverðan markaðsstyrk á eftirfarandi mörkuðum:

- Heildsölumarkaði fyrir lúkningarhluta leigulína (markaður 13).
- Heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína (markaður 14), bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

Jafnframt var Síminn útnefndur með umtalsverðan markaðsstyrk á sömu mörkuðum og smásölumarkaði fyrir lágmarksframboð af leigulínum (markaður 7).

1.2.1 Markaður 13: Heildsala lúkningarhluta leigulína⁴

Hér er átt við sambönd sem leigð eru öðrum fjarskiptafyrirtækjum og gera þeim kleift að veita þjónustu á ýmsum smásölumörkuðum eins og t.d. talsímþjónusta, internetaðgangur og gagnaflutningur. Leigulínur af þessu tagi gera fjarskiptafyrirtækjum sem ekki hafa yfir að ráða lúkningarhluta leigulína mögulegt að veita notendum þjónustu.

Um er að ræða hefðbundnar notendalínur (hliðrænar), Ethernet sambönd og ljóslínur frá nettengipunkti að næstu símstöð.

1.2.2 Álagðar kvaðir á Mílu á heildsölumörkuðum leigulína

Með ákvörðuninni voru lagðar eftirfarandi kvaðir á Mílu á mörkuðum 13 og 14.

- Kvöð um að veita aðgang að leigulínuneti
- Kvöð um jafnræði
- Kvöð um gagnsæi
- Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað

¹ Wholesale terminating segments of leased lines.

² Wholesale trunk segments of leased lines.

³ Sbr. tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA um viðkomandi markaði frá 16. júní 2004.

⁴ Markaður 13 er nú markaður 6 sbr. tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 5. nóvember 2008 um viðkomandi vöru- og þjónustumarkaði.



- Kvöð um eftirlit með gjaldsskrá

Í kvöð um eftirlit með gjaldsskrá kemur m.a. eftirfarandi fram.

Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga var lögð á Mílu kvöð um eftirlit með gjaldsskrá vegna stofnlínuhluta leigulína. Míla skyldi halda kostnaðarbókhald og gera kostnaðarlíkan til útreiknings á verði fyrir leigulínur í heildsölu samkvæmt sögulegum kostnaði. Gerð kostnaðarlíkans skyldi vera lokið innan eins árs frá birtingu ákvörðunar um viðkomandi markað. Til að Míla gæti sýnt fram á að gjaldsskrá fyrir ákveðna tegund þjónustu eða vöru, tæki mið af kostnaði væri nauðsynlegt að koma á fót kostnaðarbókhaldi sem fangaði, bar kennsl á, mat og dreifði viðkomandi kostnaði á þær þjónustur eða vörur í samræmi við viðurkenndar reglur, þ.e. um orsakasamhengi. Míla skyldi afhenda PFS lýsingu á kostnaðarbókhaldinu varðandi stofnlínuhluta leigulína og birta helstu kostnaðarflokka og reglur sem notaðar væru til að úthluta kostnaði. Til að fylgjast með breytingum á gjaldsskrá taldi PFS rétt að setja það skilyrði að allar breytingar á gjaldsskrá Mílu þyrfti að tilkynna til PFS og myndu þær ekki öðlast gildi nema með samþykki PFS.

1.3 Ákvörðun nr. 14/2011

Í ákvörðun PFS, nr. 14/2011, dags. 27. maí 2011, kom m.a. fram að stofnunin hafnaði verðútreikningum Mílu á markaði 13 sem lögð var fram í janúar 2011. PFS mælti fyrir um að Míla skyldi skila inn nýrri kostnaðargreiningu fyrir lúkningarhluta leigulína til stofnunarinnar. Um er að ræða m.a. kostnaðargreint verð fyrir notendalínur og Ethernet sambönd.

Í ákvörðunarorðum PFS segir:

„Míla ehf. skal skila til Póst- og fjarskiptastofnunar nýrri kostnaðargreiningu fyrir lúkningarhluta leigulína í samræmi við nánari fyrirmæli stofnunarinnar eigi síðar en sex mánuðum frá birtingu ákvörðunarinnar. Núverandi verðskrá fyrir lúkningarhluta leigulína skal gilda þar til niðurstaða kostnaðargreiningarinnar liggur fyrir.“

Fram kom í ákvörðun PFS m.a. að neðangreindar forsendur yrðu lagðar til grundvallar:

- Kostnaður vegna búnaðar sé færður sem fjárfesting. Byggt sé á sögulegu kostnaðarverði búnaðar í samræmi við upplýsingar úr bókhaldi Mílu, en heimilt er þó að miða við endurkaupsverð búnaðar.
- Líftími búnaðar verði færður til samræmis við líftíma á markaði 14 eða 6,67 ár.
- Að útreikningar stofngjalds miðist við vinnulið kostnaðar við uppsetningu.
- Að afgreiðslugjald verði fellt inn í stofngjald eða til vara gerð grein fyrir því í hverju það fellst eða hvernig það er fundið.



2 Kostnaðargreining Mílu

2.1 Endurskoðuð kostnaðargreining

Míla sendi inn endurskoðað líkan vegna kostnaðargreiningar á lúkningarhluta leigulína þann 28. nóvember sl. Að sögn Mílu væri um að ræða tillögu að nýrri aðferðarfræði sem félagið sendi PFS til umsagnar.

Fram kom hjá Mílu að félagið endurnýtir í stórum stíl búnað á markaði 13 og því væri ekki um að ræða miklar fjárfestingar, sérstaklega hvað varðar hefðbundnar leigulínur. Á síðustu misserum hafa fleiri línur verið teknar niður heldur en uppsettar og því hefur safnast upp misgamall búnaður. Reynt er að nýta hann eins og kostur er, en ljóst er að búnaður sem tekinn er niður er í mörgum tilfellum ekki fullafskrifaður.

Jafnframt kom fram hjá Mílu að mjög lítið er fjárfest í búnaði í dag þar sem búnaðurinn er tekinn niður við uppsögn og nýttur á nýja staði eftir þörfum. Það er því ekki sanngjarnt að gera ráð fyrir því að viðskiptavinir greiði fullt verð fyrir búnaðinn. Í dag eru uppsagnir mun fleiri en nýjar línur. Því hefur safnast upp á lager búnaður sem er endurnýttur.

Míla lagði áherslu á að umsvif í lúkningarhluta⁵ leigulína væru tiltölulega lítil á ársgrundvelli og því hefði fyrirtækið leitast við að einfalda uppbyggingu líkans í samræmi við þann veruleika. Umsvif færu stöðugt minnkandi, enda vara sem væri á niðurleið og tekjur af búnaðinum ekki miklar.

Að sögn Mílu leiðir niðurstaða útreikninga í ljós um [...] ⁶ millj. kr. heildarhækkun á tekjum vegna mánaðargjalda búnaðar á ársgrundvelli eða sem nemur [...] %.

2.1.1 Forsendur

Eftirfarandi eru helstu forsendur Mílu í líkani félagsins í útreikningum á gjaldskrá fyrir lúkningarhluta leigulína.

- Fjárfesting miðast við síðasta innkaupsverð (current cost). Gert er ráð fyrir að í um [...] % tilfella sé búnaður nýttur aftur.
- Útreikningar Mílu styðjast við árgreiðsluaðferð og miðað við [...] % WACC.
- Líftími búnaðar er metinn 6,67 ár.
- Rekstrarkostnaður miðast við raunbókanir á leigulínur í aðgangsneti, fyrir utan leigu á heimtaug þar sem tekið er tillit til hækkunar á heimtaugaleigu þann 1. jan. 2012, sbr. ákv. PFS nr. 30/2011.
- Reiknaður er út fjöldi leigulínuígilda fyrir árið 2010 og ígildin notuð til að reikna út meðal rekstrarkostnað á einingu.

⁵ Samkvæmt greiningu Mílu er árlegur fjárfestingar- og rekstrarkostnaður búnaðar sem tilheyrir lúkningarhluta leigulína u.þ.b. 50 millj. kr. á ársgrundvelli.

⁶ Upplýsingar felldar brott vegna trúnaðar. Það sama á við um upplýsingar sem fram koma í hornklofum hér að aftan.



2.1.2 Línufjöldi og línuígildi

[...]

2.1.3 Rekstrarkostnaður

[...]

2.1.4 Verðútreikningar

Niðurstaða Mílu í verðútreikningum á lúkningarluta leigulína, sem send var PFS í nóvember sl., er eftirfarandi:

Leigulína innan sama svæðis

[...]

Leigulína milli svæða

[...]

Leigulínuleggur

[...]

Ethernet (EyK)

[...]



2.1.5 Niðurstaða Mílu um nýja verðskrá

Leiga á grunnlínunum án endabúnaðar

[...]

Leiga á grunnlínunum án endabúnaðar einn leggur

[...]

Leigulína 1 leggur frá símstöð með endabúnaði

[...]

Leigulínur innan og milli símstöðva með endabúnaði

[...]

[...]

Ethernet yfir kopar (EyK)

[...]

3 Niðurstaða PFS

3.1 Inngangur

Í kostnaðargreiningu Mílu sem hér er til umfjöllunar eru heildsöluverð lúkningarluta leigulína (markaður 6, áður 13). Byggt er á sögulegum kostnaði í samræmi við kvöð um eftirlit með gjaldskrá félagsins, sbr. ákvörðun PFS nr. 20/2007.

Í ákvörðun PFS, nr. 20/2007 (markaðir 13 og 14), kom fram að gjaldskrá fyrir leigulínur Mílu sem tilheyrðu viðkomandi mörkuðum myndu fyrst um sinn byggjast á kostnaðarlíkani sem heimfærir sögulegan kostnað á einstaka þætti starfseminnar, þ.e. þar sem kostnaður og tekjur verða til að teknu tilliti til sambærilegar þjónustu sem telst rekin á hagkvæman hátt. PFS myndi jafnframt meta út frá niðurstöðu kostnaðargreiningar hverju sinni og viðmiðun við verð í öðrum EES-ríkjum hvort hentugra sé að styðjast við kostnaðarlíkan í samræmi við LRIC⁷ aðferðina frekar en að byggja á sögulegum kostnaði við ákvörðun gjaldskrár.

PFS bendir á að sönnunarbyrðin fyrir því að gjaldskrá miðist við kostnað ásamt hæfilegum hagnaði hvílir á Mílu, sbr. 2. mgr. 32. gr. laga, nr. 81/2003, um fjarskipti. Verður krafa fyrirtækisins því að grundvallast á ígrundaðri umfjöllun þar sem allir þættir eru teknir til greina. Í því sambandi lagði PFS kvöð á Mílu um kostnaðarbókhald og skyldi Míla afhenda PFS lýsingu á kostnaðarbókhaldinu varðandi leigulínur og birta helstu kostnaðarflokka og reglur sem notaðar eru til að úthluta kostnaði.

Við val á aðferð til ákvörðunar gjaldskrár telur PFS rétt að leggja áherslu á að aðferðin gefi kost á niðurstöðu sem er sanngjörn fyrir neytendur og á sama tíma í takt við kostnað hagkvæms rekens fjarskiptanets. Þær leiðir sem helst koma hér til greina nú eru að nota aðferð sem byggir á sögulegum kostnaði Mílu samkvæmt fyrirbyggjandi kostnaðargreiningu eða byggja á verðsamanburði við gjaldskrár í EES-ríkjum.

Í 32. gr. áðurnefndra fjarskiptalaga segir enn fremur að PFS geti krafist þess að útreikningar á kostnaði taki mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem er hagkvæmt rekin, tekið mið af gjaldskrá á sambærilegum samkeppnismörkuðum og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum fjarskiptafyrirtækisins.

PFS byggir aðferðarfræði sína við yfirferðina á 32. gr. laga, nr. 81/2003, um fjarskipti, reglugerð, nr. 564/2011, um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja, ERG Common Position⁸ og Commission Recommendation (2005/698/EC)⁹, IRG Regulatory Accounting¹⁰ og tilmælum framkvæmdastjórnar ESB varðandi afskipti eftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum.¹¹ Styðst stofnunin einnig við úrskurði

⁷ Langtíma viðbótarkostnaður.

⁸ ERG Common Position – Guidelines for implementing the Commission Recommendation C (2005) 3480 on Accounting Separation & Cost Accounting Systems under the regulatory framework for electronic communications - ERG (05) 29. ERG's Common Position on symmetry of fixed call termination rates and symmetry of mobile call termination rates ((ERG (07) 83 final 080312).

⁹ COMMISSION RECOMMENDATION of 19 September 2005 on accounting separation and cost accounting systems under the regulatory framework for electronic communications (2005/698/EC).

¹⁰ IRG Principles of Implementation and Best Practice for WACC calculation – February 2007.

¹¹ COMMISSION RECOMMENDATION of 7.5.2009 on the Regulatory Treatment of Fixed and Mobile Termination Rates in the EU.



úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, viðurkenndra upplýsingaveitna eins og Bloomberg, Ibbotson og Cullen International, auk mats innlendra ráðgjafa og upplýsinga frá fjarskiptafélögum. Loks hefur PFS niðurstöður einstakra systurstofnana í Evrópu, í kostnaðargreiningu leigulína, til hliðsjónar.

Upphæðir eru án virðisaukaskatts ef annað er ekki tekið fram.

3.2 Niðurstaða

3.2.1 Almenn

Að mati PFS hefur Míla í kostnaðargreiningu sinni að mestu leyti tekið tillit til sjónarmiða PFS sem fram koma í ákvörðun stofnunarinnar nr. 14/2011 varðandi kostnaðargreiningu Mílu á gjaldskrá fyrir leigulínur. Því samþykkir PFS aðferðarfræði Mílu að þessu sinni þar sem ljóst er að þörf er á að endurskoða gjaldskrá félagsins. PFS leggur áherslu á að kostnaðarlíkan Mílu verði útfært nánar við næstu kostnaðargreiningu félagsins á lúkningarluta leigulína.

PFS samþykkir forsendur og útreikninga Mílu fjölda lína, rekstrarkostnaði og mati á búnaði og uppsetningu hans. Hins vegar gerir PFS einstaka leiðréttingar og auk þess breytir PFS WACC prósentu úr [...] % í 8,75% í árgreiðsluútreikningum til samræmis við mat PFS á ávöxtunarkröfu Mílu vegna ársins 2010 í samræmi við ákvörðun stofnunarinnar, nr. 30/2011, varðandi endurskoðun á gjaldskrá koparheimtauga, stofngjalda og aðgangs að tengigrindum frá 30. nóvember 2011.

Hafa ber í huga að kostnaðargreiningin nær eingöngu til fjárfestingar- og rekstrarkostnaðar búnaðar, en ekki til leigu á viðkomandi heimtaug sem tilheyrir markaði 11 (nú markaður 4) sbr. framangreinda ákvörðun PFS nr. 30/2011.

3.2.2 Línufjöldi og línuígildi

Míla reiknar fjölda lína og línuígilda miðað við meðalfjölda ársins 2010 í samræmi við álit PFS. Fjöldi notendalína var 1.630 og fjöldi línuígilda 1.743, sbr. eftirfarandi tafla.

[...]

3.2.3 Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður er um [...] millj. kr. á ársgrundvelli miðað við kostnað ársins 2010. Uppsetning á búnaði er bókaður á rekstur, því er sá hluti rekstrarkostnaðarins dregin frá vegna þess hluta stofngjaldsins [...] millj. kr., sem snýr að uppsetningu, sbr. eftirfarandi sundurliðun. Nettó rekstrarkostnaður ársins er því [...] millj. kr. sem deilist á [...] línuígildi, eða [...] kr. á línuígildi á ári og [...] kr. á mánuði.

[...]



3.2.4 Ávöxtunarkrafa fjármagns (WACC)

Í 16. gr. reglugerðar, nr. 564/2011, um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja segir að reikna skuli kostnað af stofnfjármagni sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu eða þjónustuvöru. Ávöxtun fjármagnsins skal byggjast á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar (WACC) sem reiknast út frá ávöxtunarkröfu eiginfjár og kostnaði skulda.

Ávöxtunarkrafa

Áhættulausir vextir	4,24%
Óvoguð beta	0,50
Voguð beta	0,72
Skuldir/eigið fé	0,54
Markaðsálag	5,00%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár	7,84%
Áhættulausir vextir	4,24%
Skuldaálag	3,00%
Kostnaður skulda	7,24%
Vaxtaberandi skuldir %	35%
Eigið fé %	65%
Skatthlutfall	18%
Kostnaður skulda eftir skatta	5,94%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár eftir skatta	7,84%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár fyrir skatta	9,57%
WACC eftir skatta (post-tax)	7,18%
WACC fyrir skatta (pre-tax)	8,75%

Niðurstaða PFS er að vegið meðal fjármagnskostnaðar (WACC real) fyrir Mílu sé 8,75% fyrir árið 2010 í ofangreindum útreikningum á ávöxtunarkröfu fjármagns. Ekki er tekið tillit til stöðu veltufjár og -skulda í útreikningum PFS að þessu sinni.

3.2.5 Verðútreikningar

Fyrir notendalínur er reiknað stofnverð og fast verð á mánuði óháð vegalengd.

Leigulína innan sama svæðis

Við tengingu á stafrænni leigulínu innan sama svæðis þarf SHDSL búnað á hvorn enda línunnar. Búnaður er metinn á [...] % m.v. endurkaupsverð. [...] af búnaðarverði auk kostnaðar við uppsetningu tilheyrir stofngjaldi og [...] tilheyrir mánaðargjaldi (árgreiðsla). Nýttar eru tvær heimtaugar.



	<i>Einingar- verð</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Samtals</i>	<i>Nýting</i>	<i>Stofngjald</i>	<i>Mánaðar- gjald</i>
[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
[...]						[...]
				Samtals	75.971	2.706

Leigulína milli svæða

Við tengingu á stafrænni leigulínu milli svæða þarf SHDSL búnað á hvorn enda línunnar og auk þess búnað í tækjarými Mílu. Búnaður er metinn á [...] % m.v. endurkaupsverð. [...] af búnaðarverði auk kostnaðar við uppsetningu tilheyrir stofngjaldi og [...] mánaðargjaldi (árgreiðsla). Í eftirfarandi töflu er efsti liðurinn búnaður sem settur er upp hjá notanda og neðri tveir eru settir upp í tækjarými Mílu. Nýttar eru tvær heimtaugar.

	<i>Einingar- verð</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Samtals</i>	<i>Nýting</i>	<i>Stofngjald</i>	<i>Mánaðar- gjald</i>
[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
[...]						[...]
				Samtals	132.827	3.218

Stafræn leigulína – einn leggur

Kostnaður af endabúnaði fyrir einn legg er helmingurinn af leigulínu á milli svæða, þar sem það þarf helmingi minni búnað þegar um einn legg er að ræða, þ.e. einn hjá notanda og einn í tækjarými Mílu.

	<i>Einingar- verð</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Samtals</i>	<i>Nýting</i>	<i>Stofngjald</i>	<i>Mánaðar- gjald</i>
[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
[...]						[...]
				Samtals	66.413	1.609

Ethernet í aðgangskerfinu (EYK)

Ethernet í aðgangskerfinu er samband frá símsstöð til notanda og er með tryggðri bandbreidd. Nýttar eru núverandi koparlagnir (Ethernet yfir kopar).



	<i>Einingar- verð</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Samtals</i>	<i>Nýting</i>	<i>Stofngjald</i>	<i>Mánaðar- gjald</i>
[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
[...]						[...]
				Samtals	114.738	7.020

Ethernet búnað þarf að setja upp hjá viðskiptavini og í tækjarými Mílu. Gert er ráð fyrir að [...]% stofnkostnaðar sé meðtalin í stofngjaldi, auk kostnaðar vegna uppsetningar hjá viðskiptavini og í tækjarými Mílu.

3.2.6 Verð Mílu fyrir lúkningarluta leigulína

Samkvæmt framangreindu hafa ný verð verið reiknuð fyrir notendalínur og Ethernet sambönd. Hvað varðar aðrar vörur og þjónustur vegna aðgangshluta leigulína, s.s. sérlausnir á Etherneti, ljóslína, flutningur, breytingar á flutningsgetu og afturköllun, þá gildir núverandi gjaldskrá.¹²

Breyting á gjaldskrá er bæði til hækkunar og lækkunar þegar tillit hefur verið tekið til hækkunar á heimtaugaleigu um 4,3% þann 1. janúar 2012.

Leiguverð fyrri notendalínur án búnaðar hækka ekki, en verð notendalína með búnaði hækka um 14% miðað við vegið meðaltal. Leiga á Ethernet samböndum yfir kopar lækka hins vegar um 10% að meðaltali. Í heild hafa framangreindar verðbreytingar þau áhrif að mánaðarlegar leigutekjur Mílu vegna búnaðar hækka um tæplega [...] millj. kr. á árgrundvelli eða sem samsvarar 12% aukningu tekna.

Stofngjöld notendalína án endabúnaðar eru óbreytt frá núverandi gjaldskrá, en stofngjöld notendalína með endabúnaði hækka á bilinu 13-23%. Stofngjald Ethernet sambanda hækkar um tæplega 15%.

Eftirfarandi stofngjöld og leiguverð á mánuði skulu gilda fyrir lúkningarluta leigulína, en afgreiðslugjöld verða hluti stofngjalda í gjaldskrá. Núverandi verðskilmálar í 2. tl. í viðauka 2b í viðmiðunartilboði Mílu fyrir leigulínur fyrir leigu á notendalínum og skilmálar fyrir Ethernet sambönd gilda áfram óbreyttir.

¹² Viðauki 2b - Verðskrá aðgangshluta leigulína, tl. 1.2-1.6, í viðmiðunartilboði Mílu fyrir leigulínur, dags. 1. mars 2011.

**Leiga á grunnlínnum án endabúnaðar**

	<i>Afgr.gj.</i>	<i>Lína</i>
Hliðræn lína, 2ja víra fyrir tal	13.300	1.918
Hliðræn lína, 4ra víra fyrir tal	13.300	3.836
Hliðræn lína, 2ja víra fyrir tal	13.300	2.551
Hliðræn lína, 4ra víra fyrir tal	13.300	5.102

Leiga á grunnlínnum án endabúnaðar einn leggur

	<i>Afgr.gj.</i>	<i>Lína</i>
Hliðræn lína, 2ja víra fyrir tal	6.650	959
Hliðræn lína, 4ra víra fyrir tal	6.650	1.918
Hliðræn lína, 2ja víra fyrir tal	6.650	1.275
Hliðræn lína, 4ra víra fyrir tal	6.650	2.551

Stafræn lína einn leggur með endabúnaði

	<i>Stofngjald</i>	<i>Afgr.gj.</i>	<i>Stofngjald samtals</i>	<i>Lína</i>	<i>Búnaður</i>	<i>Mánaðargjald</i>
64 Kbita	66.413	6.650	73.063	959	1.609	2.568
128 Kbita	66.413	6.650	73.063	959	1.609	2.568
256 Kbita	66.413	6.650	73.063	2.110	1.609	3.719
512 Kbita	66.413	6.650	73.063	2.302	1.609	3.910
2 Mbita	66.413	6.650	73.063	2.685	1.609	4.294

Stafræn lína innan stöðvarsvæðis með endabúnaði

	<i>Stofngjald</i>	<i>Afgr.gj.</i>	<i>Stofngjald samtals</i>	<i>Lína</i>	<i>Búnaður</i>	<i>Mánaðargjald</i>
64 Kbita	75.971	13.300	89.272	1.918	2.706	4.624
128 Kbita	75.971	13.300	89.272	1.918	2.706	4.624
256 Kbita	75.971	13.300	89.272	4.220	2.706	6.926
512 Kbita	75.971	13.300	89.272	4.603	2.706	7.310
2 Mbita	75.971	13.300	89.272	5.370	2.706	8.077

Stafræn lína á milli stöðvarsvæða með endabúnaði

	<i>Stofngjald</i>	<i>Afgr.gj.</i>	<i>Stofngjald samtals</i>	<i>Lína</i>	<i>Búnaður</i>	<i>Mánaðargjald</i>
64 Kbita	132.827	13.300	146.127	1.918	3.218	5.136
128 Kbita	132.827	13.300	146.127	1.918	3.218	5.136
256 Kbita	132.827	13.300	146.127	4.220	3.218	7.437
512 Kbita	132.827	13.300	146.127	4.603	3.218	7.821
2 Mbita	132.827	13.300	146.127	5.370	3.218	8.588

*Ethernet yfir kopar (EyK)*

	<i>Stofngjald samtals</i>	<i>Fjöldi heimt.</i>	<i>Heimt. samtals</i>	<i>Búnaður samtals</i>	<i>Mánaðar- gjald</i>
Stofngjald	114.738				
5 Mb/s		2	1918	7.020	8.938
10 Mb/s		4	3836	7.020	10.856
15 Mb/s		4	3836	7.020	10.856
20 Mb/s		6	5754	7.020	12.774
25 Mb/s		6	5754	7.020	12.774
30 Mb/s		8	7672	7.020	14.692
35 Mb/s		8	7672	7.020	14.692
40 Mb/s		8	7672	7.020	14.692
45 Mb/s		8	7672	7.020	14.692



ÁKVÖRÐUNARORÐ

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir endurskoðaða kostnaðargreiningu Mílu ehf. á lúkningarhluta leigulína, dags. 28. nóvember 2011, með þeim breytingum sem mælt er fyrir um í ákvörðun þessari. Stofngjöld og mánaðarleg leiguverð skulu vera í samræmi við það sem fram kemur í viðauka I við ákvörðun þessa.

Hin nýja verðskrá Mílu ehf. skal ekki taka gildi fyrr en í fyrsta lagi 1. mars 2012, enda tilkynni Míla ehf. leigutökum um verðskrárbreytingarnar með a.m.k. 60 daga fyrirvara, sbr. 3. kafla viðmiðunartilboðs félagsins fyrir leigulínur í samræmi við ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar, nr. 2/2011, varðandi viðmiðunartilboð Mílu ehf. fyrir leigulínur, markaðir 13 og 14. Hin nýja verðskrá Mílu ehf. skal verða hluti af viðmiðunartilboði félagsins fyrir leigulínur.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 22. desember 2011.

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri.

Óskar Þórðarson.



Viðauki I

við ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 34/2011

Við tengingu greiðist stofngjald og síðan fast verð á mánuði óháð vegalengd. Öll verð eru í krónum og án virðisaukaskatts.

Gjaldskrá Mílu fyrir lúkningarluta leigulína

Grunnlínur án endabúnaðar

	<i>Stofn- gjald</i>	<i>Mánaðar- gjald</i>
Hliðræn lína, 2ja víra fyrir tal	13.300	1.918
Hliðræn lína, 4ra víra fyrir tal	13.300	3.836
Hliðræn lína, 2ja víra fyrir tal	13.300	2.551
Hliðræn lína, 4ra víra fyrir tal	13.300	5.102

Grunnlínur án endabúnaðar einn leggur

	<i>Stofn- gjald</i>	<i>Mánaðar- gjald</i>
Hliðræn lína, 2ja víra fyrir tal	6.650	959
Hliðræn lína, 4ra víra fyrir tal	6.650	1.918
Hliðræn lína, 2ja víra fyrir tal	6.650	1.275
Hliðræn lína, 4ra víra fyrir tal	6.650	2.551

Stafræn lína einn leggur með endabúnaði

	<i>Stofn- gjald</i>	<i>Mánaðar- gjald</i>
64 Kbita	73.063	2.568
128 Kbita	73.063	2.568
256 Kbita	73.063	3.719
512 Kbita	73.063	3.910
2 Mbita	73.063	4.294

Stafræn lína innan stöðvarsvæðis með endabúnaði

	<i>Stofn- gjald</i>	<i>Mánaðar- gjald</i>
64 Kbita	89.272	4.624
128 Kbita	89.272	4.624
256 Kbita	89.272	6.926
512 Kbita	89.272	7.310
2 Mbita	89.272	8.077

**Stafræn lína á milli stöðvars væða með endabúnaði**

	<i>Stofn- gjald</i>	<i>Mánaðar- gjald</i>
64 Kbita	146.127	5.136
128 Kbita	146.127	5.136
256 Kbita	146.127	7.437
512 Kbita	146.127	7.821
2 Mbita	146.127	8.588

Ethernet yfir kopar (EyK)

	<i>Stofn- gjald</i>	<i>Mánaðar- gjald</i>
5 Mb/s	114.738	8.938
10 Mb/s	114.738	10.856
15 Mb/s	114.738	10.856
20 Mb/s	114.738	12.774
25 Mb/s	114.738	12.774
30 Mb/s	114.738	14.692
35 Mb/s	114.738	14.692
40 Mb/s	114.738	14.692
45 Mb/s	114.738	14.692